

áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjendurnir J. Gunnarsson og S. Jóhannesson greiði stefnda Jóhanni Jóhannssyni málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr., er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 9. desembermánaðar.

Nr. 37/1907:

Réttvísinn
gegn

Jens Arnbjarnarsyni.

D ó m u r:

Í máli þessu, er af réttvísinnar hálfu var höfðað gegn ákærða, Jens Arnbjarnarsyni, nú húsmanni í Fagrahvammi í Ísafjarðarsýslu, og stjúpdóttur hans Guðrúnu Elísabet Kristjánsdóttur, fyrir sífjaspell o. fl., var hinn ákærði, með dómi aukaréttar Ísafjarðarsýslu 30. júní þ. á., sem áfrýjað er til yfirdómsins samkvæmt ósk hans og að því er hann einn áhrærir, dæmdur samkvæmt 163. gr., 163. gr. sbr. 45. gr., 174. gr. og 175. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 4 ára

hegningarvinnu. Sakarkostnaðinn skyldu bæði hin ákærðu greiða in solidum, nema varnarlaunin í héraði skyldi hvort þeirra greiða sínum talsmanni þar, ákærði því talsmanni sínum, cand. phil. Sigurði Jónssyni, 5 kr.

Það er með eigin játningu hins ákærða Jens Arnbjarnarsonar, sem er giftur móður stúlkunnar Guðrúnar Elisabetar Kristjánsdóttur, og öðrum skýrslum í málinu, löglega sannað, að hann hefir fleirsinnis haft holdlegt samræði við eða framið saurlífi með nefndri stjúpdóttur sinni, sem er fædd 13. október 1887, í fyrsta skifti í septembermánuði 1899, eða er hún var tæpra 12 ára gömul. Var ákærði þá og þau hjón í húsmensku á Þverá í Suðureyrarhreppi, þar sem afi Guðrúnar bjó, er fósttraði hana, og var það í íbúðarherbergi þeirra hjóna þar á Þverá, er ákærði gjörði fyrst tilraun til samrædis við Guðrúnu. Eftir skýrslu Guðrúnar hafði ákærði eftir þetta öðru hvoru stöðugt samræði við hana alt þangað til árið 1906, er hann fluttist burt úr hreppnum, að undanteknum vetrinum áður en hún var fermd, enda lá ákærði þá lengst af veikur. Ákærði, sem hefir verið ákaflega tregur til að gefa játningu um brot sitt, hefir aftur á móti eigi viljað beint kannast við það, að hann hafi átt samræði við Guðrúnu eftir tilraunina á 12. árinu fyr en hún var komin á 16. ár, en eftir þann tíma hefir hann játað, að það hafi átt sér stað nokkrum sinnum.

Brot ákærða, sem er fæddur 14. maí 1859 og því kominn yfir lögaldur sakamanna, ber að heimfæra undir 163. gr. og 163. og 174. og 45. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 2 ára betrunarhússvinna. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Ákærða ber og

að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jens Arnbjarnarson sæti 2 ára betrunarhúsvinnu. Að öðru leyti á aukaréttardómurinn að vera óraskaður að því er ákærða áhrærir. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Odds Gislasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 42/1907:

Sveinn Jónsson
gegn

Birni Símonarsyni og
Krisjáni B. Guðmundssyni.

D ó m u r :

Hinn 2. júlímánaðar þ. á. var í gestarétti Reykjavíkurkaupstaðar uppkveðinn dómur í máli milli Sveins Jónssonar bónda á Vatnsenda sem sækjanda og Björns